



Áframhald á kröftugum hagvexti á þriðja fjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands jókst landsframleiðslan um 6% á þriðja ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Þetta er annar fjórðungurinn í röð sem hagvöxtur mælist eftir að faraldurinn hófst og frekari staðfesting þess að hagkerfið sé á leið út úr kreppunni. Hagvöxtur á fyrstu þremur fjórðungum ársins nam 4,1% og var hann borinn af vextinum á öðrum og þriðja fjórðungi en hagvöxtur var lítillega neikvæður á fyrsta fjórðungi.

Vöxturinn á þriðja fjórðungi milli ára var mjög kröftugur, sérstaklega í einkaneyslu, atvinnuvegafjárfestingu og útflutningi. Það skýrist að umtalsverðu leyti af grunnáhrifum vegna samdráttar á þriðja fjórðungi í fyrra. Þrír meginþættir stóðu á bak við hagvöxtinn. Veigamest voru áhrif útflutnings en framlag hans til hagvaxtar var jákvætt um 8,8%. Framlag fjármunamyndunar var 5,3% og framlag einkaneyslu var 4,7%. Það sem vó á móti var mikil aukning í innflutningi en framlagið til hagvaxtar var neikvætt um 11,5%.


Vöxtur einkaneyslu jókst eftir því sem leið á þriðja fjórðung

Einkaneysla jókst um 6,1% á þriðja fjórðungi og var þetta þriðji fjórðungurinn í röð þar sem einkaneysla eykst. Vöxturinn nú var aðeins minni en á öðrum fjórðungi, þegar hann var 8,8%, en töluvert meiri en á fyrsta fjórðungi, þegar hann var 1,3%. Þegar horft er til greiðslukortaveltu var vöxtur einkaneyslu miskraftmikill á fjórðungnum. Þannig jókst vöxturinn eftir því sem leið á fjórðunginn. Vöxturinn í kortaveltu var 8,5% í júlí, 11,4% í ágúst og 15,1% í september. Kortaveltan jókst um 23,9% í októbermánuði sem gefur vísbendingu um kröftugan vöxt á fjórða fjórðungi.


Mikil aukning atvinnuvegafjárfestingar

Fjármunamyndun í hagkerfinu jókst um 15,7% milli ára. Vöxturinn var nær einungis borinn af miklum vexti í atvinnuvegafjárfestingu en framlag hennar var jákvætt um 16,9%. Atvinnuvegafjárfesting jókst um tæp 33% milli ára sem skýrist að mestu leyti af vexti almennrar atvinnuvegafjárfestingar, en hún jókst um 36,1%. Sé aftur litið til heildarfjárfestingar í

Hagvöxtur og framlag undirliða eftir fjórðungum



Greiðslukortavelta





hagkerfinu kom einnig til jákvætt framlag opinberrar fjárfestingar, sem nam 1,6%, en opinber fjárfesting jókst um 9,2%. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði dróst saman um 6,8% og er þetta þriðji fjórðungurinn í röð sem hún dregst saman. Framlag íbúðarfjárfestingar til aukningar í heildarfjárfestingar í hagkerfinu var neikvætt um 2,6%.

Mikil aukning útflutnings skýrist af miklum samdrætti í fyrra

Vöxtur útflutnings á vöru og þjónustu nam 31,2% milli ára en hann skýrist að miklu leyti af miklum samdrætti í útflutningi í fyrra vegna faraldursins. Aukningin að þessu sinni var að langmestu leyti borin af vexti þjónustuútflutnings. Framlag þjónustuútflutnings til heildarútflutnings var 26% en framlag vöruútflutnings var 4,1%.

Þjónustuútflutningur jókst um 73,3% og má rekja þá aukningu að mestu leyti til ferðaþjónustu en erlendum ferðamönnum fjölgaði um 210% milli ára. Vöruútflutningur jókst um 6,3% sem skýrist að mestu leyti af auknum álútflutningi sem jókst um 8% í tonnum talið milli ára.


Mesti vöxtur þjónustuinnflutnings í aldarfjórðung

Heildarinnflutningur jókst um 29,2% og var þetta annar fjórðungurinn í röð með miklum vexti innflutnings. Framlag vöruinnflutnings var um 16,3% en framlag þjónustuinnflutnings 12,9%. Vöxtur þjónustuinnflutnings var þó töluvert meiri, eða 45,7%, á móti 23% vexti vöruinnflutnings. Um helmingur af miklum vexti þjónustuinnflutnings, sem var sá mesti í tæplega aldarfjórðung, skýrist af auknum ferðalögum Íslendinga til útlanda en þau tæplega þrefölduðust milli ára. Brottfarir Íslendinga til útlanda námu um 81 þúsund á fjórðungnum borið saman við 26 þúsund á sama tímabili í fyrra. Aukning vöruinnflutnings teygði sig yfir flesta liði. Innflutningur á fólksbílum jókst úr 13,7 mö.kr. í 21,6 ma.kr. milli þriðja fjórðungs 2020 og 2021 á föstu gengi og nemur aukningin 58,1%. Þetta er mesti bílannflutningur síðan á öðrum ársfjórðungi 2018.

Einnig verulegur hagvöxtur á þriðja fjórðungi í flestum viðskiptalöndunum


Eftir samdrátt í flestum viðskiptalöndunum okkar á fyrsta fjórðungi borið saman við sama tímabil árið áður var töluvert mikill hagvöxtur hjá þeim á öðrum fjórðungi. Hagvöxtur var einnig kröftugur hjá þeim

Fjármunamyndun og framlag undirliða




Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun útflutnings



Heimild: Hagstofa Íslands

Þróun innflutnings




Heimild: Hagstofa Íslands



flestum á þriðja fjórðungi. Mest jókst landsframleiðslan í Bretlandi en þar mældist rúmlega 6,6% hagvöxtur á fjórðungnum. Aukningin var líka mikil í Noregi, Bandaríkjunum og Svíþjóð en þar lá vöxturinn á bilinu 4,5-4,9%. Vöxturinn var nokkuð minni í stærri ríkjum Evrópu en hann lá á bilinu 2,6-3,3% í Frakklandi, Spáni og Þýskalandi. Vöxturinn í Japan var síðan einungis 1,3%.

Hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi 2021



Breyting landsframleiðslu frá sama tímabili árið áður
Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.